

Notkunareiðbeiningar á ROHO Harmony sessu

Athugið:

- Ekki vera með oddhvassa hluti nálægt sessunni
- Ekki vera sessuna nálægt heitu svæði, ösku eða eldi
- Ekki nota ventilinn sem handfang
- Ekki nota krem sem innihalda olíu eða lanolín á sessuna
- Ekki nota sessuna á / í vatni
- Ekki setja sessuna í sóttthreinsiofn (autoclava) – lokaður ventill getur valdið þrýstingi og sessan rifnað

Leiðbeiningar um stillingar á Harmony

Stig 1. Opnaðu ventilinn (snúðu rangsælis). Ventillinn er staðsettur fyrir aftan flipann á vinstri hlið sessunnar, að framanverðu.

Stig 2. Festu slönguna á pumpunni á enda ventsilsins. Pumpaðu lofti í ventilinn þangað til loftmagnið er orðið það mikið að sessan myndi boga.

Stig 3. Fjarlægðu pumpuna og lokaðu ventlinum snögglega með því að snúa honum réttisælis.

Stig 4. Sestu á sessuna miðja með arma og fætur í góðri stöðu.

Stig 5. Renndu hendinni undir afturendann til að finna neðsta flöt líkamans, sem er setbeinið (ischial tuberosity). Ef þú þarft aðstoð, hafðu þá samband við iðju- eða sjúkraþjálfarann þinn eða annan aðstoðarmann.

Stig 6. Hafðu aðra höndina undir setbeininu og notaðu hina höndina til að opna ventilinn. Loft mun leka úr sessunni og þú byrjar að “sökva” ofaní sessuna. Það á að vera um það bil $\frac{1}{2}$ “ –1” eða ca. 1.25 sm af lofti milli setbeins og neðsta hluta sessunnar. Þegar fingurtopparnir eru milli setbeins og undirstöðu sessunnar skaltu skrúfa fyrir ventilinn. Þú verður að geta hreyft fingurtoppa.

Það þarf að athuga reglulega (daglega) loftmagnið, hvort það sé of lítið eða of mikið loft í sessunni. Loftmagn í sessunni getur breyst ef þú breytir um

umhverfi þe. hversu hátt þú ert yfir sjávarmáli. Því er gott að fylgjast með loftmagni í sessunni.

Hægt er að fara á heimasíðu Roho og sjá myndrænt hvernig á að stilla sessurnar. Sjá slóð:

<http://www.rohoinc.com/medical/properadjust/instruction.html>

Seljandi:

Eirberg ehf
Stórhöfða 25
110 Reykjavík

sími 569 3100
www.eirberg.is